

**Hampiðjan hf.**

**Árshlutareikningur samstæðu 30. júní 2004**

## Árshlutareikningur 30. júní 2004

<b>Efnisyfirlit:</b>	<b>Bls.</b>
Áritun stjórnenda.....	1
Áritun endurskoðenda.....	2
Rekstrarreikningur.....	3
Efnahagsreikningur.....	4 - 5
Sjóðstreymi.....	6
Skýringar.....	7 - 12

Hampiðjan hf.  
kt. 590169-3079  
Bíldshöfða 9  
Reykjavík

## Áritun stjórnenda

Árshlutareikningur Hampiðjunnar hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2004 er samstæðureikningur og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur félagsins árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður félagsins á tímabilinu kr. 74,5 milljónir og eigið fé í lok þess kr. 2.538,9 milljónir en af þeirri upphæð eru kr. 496,9 milljónir hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um rekstur félagsins á tímabilinu og fjárhagsstöðu í lok þess.

Stjórn og forstjóri Hampiðjunnar hf. staðfesta hér með árshlutareikninginn fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2004 með undirritun sinni.

Reykjavík 26. ágúst 2004

Stjórn:

Bragi Hannesson

Árni Vilhjálmsson

Kristján Loftsson

Sigurður Egill Guttormsson

Sigurgeir Guðmannsson

Forstjóri:

Jón Guðmann Pétursson

## Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Hampiðjunnar hf.

Við höfum kannað árshlutareikning þennan fyrir Hampiðjuna hf. tímabilið 1. janúar til 30. júní 2004, sem inniheldur rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Könnun okkar fól í sér skoðun helstu gagna sem árshlutareikningurinn er byggður á, spurningar til starfsmanna fyrirtækisins og greiningu á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna. Slík könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun, sem framkvæmd er eftir góðri endurskoðunarvenju og hefur það að markmiði að láta í ljós álit á reikningsskilum í heild. Þar af leiðandi látum við slíkt álit ekki í ljós.

Hins vegar getum við staðfest að ekkert kom fram við könnun okkar sem benti til annars en að árshlutareikningurinn sé gerður í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík 26. ágúst 2004

**PricewaterhouseCoopers hf.**

Ómar H. Björnsson

Þórir Ólafsson

## Rekstrarreikningur 1. janúar - 30. júní 2004

	Skýr.	2004	2003
		1.1. - 30.06	1.1. - 30.06
<b>Rekstrartekjur</b>			
Seldar vörur og þjónusta.....		<b>2.318.450</b>	2.163.048
<b>Rekstrargjöld</b>			
Hráefni og birgðabreyting afurða.....		<b>1.089.869</b>	1.007.148
Vinnulaun við framleiðslu.....		<b>412.587</b>	401.950
Önnur rekstrargjöld.....		<b>558.524</b>	522.526
		<b>2.060.980</b>	1.931.624
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir</b>		<b>257.470</b>	231.424
Afskriftir fastafjármuna.....	17	<b>(109.458)</b>	(78.913)
<b>Rekstrarhagnaður</b>		<b>148.012</b>	152.511
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	15	<b>(52.030)</b>	(22.036)
Áhrif af rekstri hlutdeildarféлага.....	19	<b>(10.224)</b>	75.704
		<b>(62.254)</b>	53.668
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>		<b>85.758</b>	206.179
Tekju- og eignarskattur.....	25	<b>19.786</b>	(26.680)
<b>Hagnaður eftir skatta</b>		<b>105.544</b>	179.499
Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga.....		<b>(31.070)</b>	(23.101)
<b>Hagnaður tímabilsins</b>		<b>74.474</b>	156.398

## Efnahagsreikningur 30. júní 2004

### Eignir

	Skýr.	30.6.2004	31.12.2003
<b>Fastafjármunir</b>			
Óefnislegar eignir:			
Viðskiptavild.....	16	<b>206.093</b>	217.055
Einkaleyfi.....	16	<b>241.133</b>	0
		<b>447.226</b>	<b>217.055</b>
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir.....	17	<b>1.701.449</b>	1.702.283
Vélar, áhöld og tæki.....	17	<b>825.259</b>	878.981
		<b>2.526.708</b>	<b>2.581.264</b>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum.....	18-20	<b>851.689</b>	805.948
Skuldabréf og langtímakröfur.....		<b>167.675</b>	170.159
		<b>1.019.364</b>	<b>976.107</b>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>3.993.298</b>	<b>3.774.426</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir.....	21	<b>1.483.024</b>	1.486.455
Viðskiptakröfur.....	22	<b>1.031.471</b>	922.799
Aðrar skammtímakröfur.....		<b>54.904</b>	40.413
Handbært fé.....	12	<b>135.906</b>	432.966
		<b>2.705.305</b>	<b>2.882.633</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>6.698.603</b>	<b>6.657.059</b>

## Efnahagsreikningur 30. júní 2004

### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	<b>30.6.2004</b>	31.12.2003
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé.....	23	<b>499.792</b>	499.792
Annað eigið fé.....	24	<b>1.542.266</b>	1.539.678
<b>Eigið fé móðurfélags</b>	24	<b>2.042.058</b>	2.039.470
Hlutdeild minnihluta.....		<b>496.870</b>	476.474
		<b>2.538.928</b>	2.515.944
<b>Skuldir og skuldbindingar</b>			
Skuldbindingar:			
Tekjuskattsskuldbinding.....	25	<b>178.471</b>	206.703
Langtímaskuldir.....	26	<b>2.126.230</b>	2.214.661
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir.....		<b>678.204</b>	720.682
Viðskiptaskuldir.....		<b>853.011</b>	748.748
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	26	<b>323.759</b>	250.321
		<b>1.854.974</b>	1.719.751
<b>Skuldir og skuldbindingar samtals</b>		<b>4.159.675</b>	4.141.115

### Eigið fé, skuldir og skuldbindingar samtals

**6.698.603**

**6.657.059**

Veðsetningar og ábyrgðaskuldbindingar..... 27-29

## Sjóðstreymi 1. janúar - 30. júní 2004

	Skýr.	2004 1.1. - 30.06	2003 1.1. - 30.06
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Veltufé frá rekstri:			
Hagnaður tímabilsins.....		74.474	156.398
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir.....	17	98.205	78.913
Hækkun (lækkun) tekjuskattsskuldbindingar.....	25	(28.113)	11.014
Verðb. og gengism. af langtímaskuldum og -kröfum.....		22.656	9.298
Áhrif hlutdeildarféлага.....		26.673	(55.143)
Tap (hagnaður) af sölu eigna.....		11.253	(1.896)
<b>Veltufé frá rekstri</b>		<b>205.148</b>	<b>198.584</b>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Lækkun (hækkun) skammtímakrafna.....		(152.720)	135.909
Lækkun (hækkun) birgða.....		39.333	(9.380)
(Lækkun) hækkun skammtímaskulda.....		(23.892)	(128.104)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>67.869</b>	<b>197.009</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum.....		(73.701)	(93.957)
Skuldabréf og langtímakröfur, breyting.....		5.610	1.067
Keypt einkaleyfi.....	7	(149.616)	
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir.....	17	(89.414)	(35.980)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir.....	17	22.707	8.595
		<b>(284.414)</b>	<b>(120.275)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Skammtímalán, hækkun (lækkun).....		77.367	155.403
Tekin ný langtímalán.....	26	20.000	10.805
Afborgun langtímalána.....	26	(127.903)	(236.632)
Arður greiddur til hluthafa.....		(49.979)	(49.412)
		<b>(80.515)</b>	<b>(119.836)</b>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....</b>		<b>(297.060)</b>	<b>(43.102)</b>
Handbært fé í byrjun árs.....		432.966	144.668
<b>Handbært fé í lok tímabilsins.....</b>		<b>135.906</b>	<b>101.566</b>



## Skýringar

### Reikningsskilaaðferðir

#### Grundvöllur reikningsskila

1. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og hefur að geyma reikningsskil samstæðunnar. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum hér á eftir, sem í öllum meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.
2. Við gerð reikningsskila samkvæmt góðri reikningsskilavenju þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

#### Árshlutareikningur samstæðu

3. Árshlutareikningur samstæðu Hampiðjunnar hf. innifelur árshlutareikninga Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga hennar. Dótturfélögin eru: Balmar Fios Portúgal, Cosmos Trawl Danmörku, Hampidjan USA, Hampidjan Namibia, Hampidjan New Zealand, Hampidjan Norge, Swan Net Gundry Írlandi, Rope Net and Twine Kanada, Hampidjan Danmark, Hampidjan Baltic Litháen, Otter Ultra Low Drag Cayman, Netagerð Friðriks Vilhjálmssonar hf. Íslandi, Tben ehf. Íslandi og Candís ehf. Íslandi.

Árshlutareikningur samstæðu Hampiðjunnar inniheldur í fyrsta sinn dótturfélögin Otter Ultra Low Drag Cayman og Candís ehf. Íslandi.

Félög sem innifalin eru í samstæðunni uppfylla þau skilyrði að móðurfélagið eða önnur félög innan samstæðunnar hafa yfir að ráða meira en helming af atkvæðavægi innan viðkomandi félags eða hafa á annan hátt vald til þess að hafa veruleg áhrif á stjórnun þess. Dótturfélög eru færð í samstæðureikning frá þeim degi sem stjórnun félaga færast til samstæðunnar og til þess dags sem stjórnun er ekki lengur í höndum hennar. Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr árshlutareikningnum einstakra félaga í samstæðunni en innbyrðis viðskiptum, inneignum, skuldum og óinnleystum hagnaði er eytt í samstæðunni.

Rekstrartekjur og -gjöld erlendu dótturfélaganna eru færð á meðalgengi tímabilsins. Þýðingarmunur vegna yfirfærslu reikningsskila erlendra dótturfélaga í íslenskar krónur er færður á sérstakan reikning meðal eiginfjárliða.

#### Verðtryggðar eða gengistryggðar eignir og skuldir

4. Verðtryggðar eignir og skuldir eru uppreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í lok tímabilsins. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok tímabilsins. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól peningalegra eigna og skulda móðurfélagsins er færður í rekstrarreikning.

#### Innlausn tekna

5. Tekjufærsla sölu er miðuð við afhendingartíma vara og þjónustu.

#### Viðskiptavild

6. Viðskiptavildin er tilkomin vegna kaupa Swan Net á Gundrys á árinu 2002, vegna kaupa á Cosmos á árinu 2001 og vegna viðbótar viðskiptavildar í Swan Net Gundrys árið 2003. Afskriftartími viðskiptavildar er allt að 20 ár.

#### Einkaleyfi

7. Einkaleyfi er tilkomið vegna kaupa á útgefnum einkaleyfum og umsóknum á öðrum er lúta að nýtingu þanorku í veiðarfærum þegar þau eru dregin í sjó. Afskriftartími einkaleyfanna er áætlaður 15 ár.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

8. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kaupverði að frádregnum afskriftum, þó með því fráviki að kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna sem keyptir voru árið 2001 og fyrr, hefur verið framreiknað til árslokaverðlags 2001. Varanlegir rekstrarfjármunir erlendu dótturfélaganna eru eignfærðir miðað við gengi í lok tímabilsins. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti af kaupverði miðað við áætlaðan nýtingartíma þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími og niðurlagsverð greinist þannig:

	Nýtingartími	Niðurlagsverð
Fasteignir.....	20 - 100 ár	10%
Vélar og áhöld.....	4 - 12 ár	0 - 12%

### Eignarhlutir í öðrum félögum

9. Eignarhlutir HB Granda hf. og Vaka DNG hf. eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Eignarhlutirnir eru færðir til eignar með þeirri fjárhæð er svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra. Hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga er færð í rekstrarreikning. Aðrir eignarhlutir eru færðir á framreiknuðu kaupverði til ársloka 2001, en án framreiknings eftir það.

### Birgðir

10. Hráefni eru metin á innkaupsverði. Kostnaðarverð vara í framleiðslu og fullunninna vara samanstendur af beinum launa- og efniskostnaðiásamt öðrum kostnaði sem beint eða óbeint tengist framleiðslu varanna.

### Skammtíma- og langtímakröfur

11. Skammtíma- og langtímakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast.

### Handbært fé

12. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Tekjuskattsskuldbinding

13. Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði tímabilsins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færirst til skuldar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsskuldbinding. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur en hagnaður fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattauppgjöri en í ársreikningi.

Tekjuskattsskuldbindingin svarar að jafnaði til þess tekjuskatts, sem eftir gildandi skattalögum kæmi til greiðslu, ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

### Laun og launatengd gjöld

14. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Samstæða
Laun.....	558.706
Launatengd gjöld.....	71.359
Laun og launatengd gjöld samtals.....	<u>630.065</u>
Meðalfjöldi starfsmanna á tímabilinu.....	525

## Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

15. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) sundurliðast þannig:	Samstæða
Vextir, verðbætur og gengismunur langtímaskulda.....	(43.036)
Vaxtagjöld skammtímaskulda að fráðregnum vaxtatekjum.....	(9.643)
Fenginn arður og söluhagnaður (tap) hlutabréfa.....	649
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.....	<u>(52.030)</u>

## Fastafjármunir

### Óefnislegar eignir

16. Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Viðskiptavild	Einkaleyfi	Samtals
Staða í byrjun árs.....	217.055		217.055
Viðbætur á tímabilinu.....		244.680	244.680
Gengismunur.....	(3.341)	2.138	(1.203)
Afskrifað á tímabilinu.....	(7.621)	(5.685)	(13.306)
Staða í lok tímabilsins.....	<u>206.093</u>	<u>241.133</u>	<u>447.226</u>

### Varanlegir rekstrarfjármunir

17. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun.....	2.279.381	2.227.339	4.506.720
Gengismunur.....	(14.799)	(13.683)	(28.482)
Viðbót á tímabilinu.....	36.729	136.724	173.453
Selt og niðurlagt á tímabilinu.....	(31.846)	(468.142)	(499.988)
Stofnverð í lok tímabilsins.....	<u>2.269.465</u>	<u>1.882.238</u>	<u>4.151.703</u>
Afskrifað áður.....	577.098	1.348.358	1.925.456
Gengismunur.....	(2.225)	(7.049)	(9.274)
Selt og niðurlagt á tímabilinu.....	(26.417)	(349.669)	(376.086)
Afskrifað á tímabilinu.....	19.560	65.339	84.899
Afskrifað samtals.....	<u>568.016</u>	<u>1.056.979</u>	<u>1.624.995</u>
Bókfært verð í lok tímabilsins.....	<u>1.701.449</u>	<u>825.259</u>	<u>2.526.708</u>

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna.....	84.899
Afskrift óefnislegra eigna.....	13.306
Sölutap varanlegra rekstrarfjármuna.....	11.253
Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi.....	<u>109.458</u>

## Eignarhlutir í öðrum félögum

18. Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignar- hluti	Bókfært verð
Netagerð Vestfjarða hf.....	60%	10.756
HB Grandi hf.....	10,0%	669.608
Vaki - DNG hf.....	25%	20.278
Scandsea AB.....	1%	46.446
Set ehf.....	8%	7.528
Fiskeldi Eyjafjarðar hf.....		7.554
Netagerð Aðalsteins ehf.....	20%	6.000
Samherji hf.....		29.638
Síldarvinnslan hf.....		14.615
Net Services Shetland Ltd.....	20%	28.128
Gúmmibátþjónusta Austurlands ehf.....	100%	7.701
Fiskmarkaður Íslands hf.....		759
Önnur félög.....		2.678
	Eignarhlutir samtals	<u>851.689</u>

19. Hreyfingar tímabilsins á eignarhlutum í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	HB Grandi	Vaki DNG	Samtals
Staða hlutabréfaeignar í ársbyrjun.....	625.047	19.738	644.785
Keypt hlutafé á tímabilinu.....	73.700		73.700
Hluti í endurmati á tímabilinu.....	(1.927)		(1.927)
Arður tímabilsins.....	(16.448)		(16.448)
Hlutdeild í hagnaði (tapi) tímabilsins.....	(10.764)	540	(10.224)
Eignarhluti í hlutdeildarfélögum í lok tímabilsins.....	<u>669.608</u>	<u>20.278</u>	<u>689.886</u>

20. Bókfært verð hlutabréfa á árshlutareikningnum sem skráð eru í Kauphöll Íslands er kr. 714,7 milljónir en markaðsverðmæti þeirra miðað við síðasta skráða viðskiptagengi í lok tímabilsins er kr. 989,7 milljónir. Eignarhlutirnir eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð eða kostnaðarverðsaðferð.

## Veltufjármunir

### Birgðir

21. Birgðir sundurliðast þannig:	Samstæða
Afurðir.....	495.187
Vörur í vinnslu.....	45.722
Afurðir og vörur í vinnslu samtals.....	540.909
Hráefni.....	942.115
Birgðir samtals.....	<u>1.483.024</u>

### Viðskiptakröfur

22. Viðskiptakröfur eru færðar niður um kr. 91,9 milljónir í efnahagsreikningi samstæðunnar og greinist niðurfærslureikningurinn á eftirfarandi hátt:

Niðurfærsla í byrjun árs.....	90.555
Endanlega tapaðar kröfur á tímabilinu.....	(5.735)
Breyting niðurfærslu á tímabilinu.....	7.120
Niðurfærsla í lok tímabilsins.....	<u>91.940</u>

**Eigið fé**

23. Nafnverð hlutafjár félagsins greinist þannig:

Hlutafé samkvæmt samþykktum.....	500.000
Eigið hlutafé.....	(208)
Samtals	<u>499.792</u>

24. Yfirlit yfir eigið fé

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Yfirfært frá fyrra ári.....	499.792	62.466	95.374	(20.549)	1.402.387	2.039.470
Arður til hluthafa.....					(49.979)	(49.979)
Hagnaður tímabilsins...					74.474	74.474
Áhrif hlutdeildarfélaga..					(1.927)	(1.927)
Þýðingarmunur.....				(19.980)		(19.980)
Samtals	<u>499.792</u>	<u>62.466</u>	<u>95.374</u>	<u>(40.529)</u>	<u>1.424.955</u>	<u>2.042.058</u>

**Skuldir og skuldbindingar****Tekjuskattsskuldbinding**

25. Breyting á tekjuskattsskuldbindingu sundurliðast þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í byrjun árs.....	206.703
Breyting á mati frestaðs tekjuskatts vegna eignarhluta í félögum.....	(21.859)
Tekjuskattur tímabilsins.....	343
Gengismunur.....	(791)
Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári.....	(5.925)
Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabilsins.....	<u>178.471</u>

**Langtímaskuldir**

26. Yfirlit yfir langtímaskuldir:

	Vextir	Upphæð
Verðtryggð lán í íslenskum krónum.....	6,6%	155.119
Í erlendum gjaldmiðlum:		
Lán í USD.....	2,7%	475.061
Lán í SEK.....	3,6%	31.220
Lán í NOK.....	3,5%	4.026
Lán í JPY.....	1,4%	101.007
Lán í GBP.....	5,9%	19.640
Lán í EUR.....	3,8%	1.193.516
Lán í CHF.....	1,7%	162.486
Lán í DKK.....	3,5%	307.914
		<u>2.294.870</u>
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afb.....		2.449.989
Næsta árs afborgun.....		(323.759)
Langtímaskuldir samtals.....		<u>2.126.230</u>

Framangreind vaxtahlutföll eru vegnir meðalvextir viðkomandi lánaflokka í samræmi við vaxtakjör lána í lok tímabilsins.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

1. júlí 2004 til 30. júní 2005.....	323.759
1. júlí til 31. desember 2005.....	165.184
Árið 2006.....	322.042
Árið 2007.....	313.199
Árið 2008.....	342.902
Árið 2009.....	279.507
Síðar.....	703.396
Samtals	<u>2.449.989</u>

### Veðsetningar og ábyrgðaskuldbindingar

27. Á eignum móðurfélags og samstæðunnar hvíla veð til tryggingar skuldum að upphæð kr. 2.603 milljónum. Bókfært verð veðsettra eigna sundurliðast á eftirfarandi hátt:

	Bókfært verð	Veðsetning
Fasteignir.....	1.571.200	1.733.961
Hlutabréf.....	421.914	513.827
Birgðir og viðskiptakröfur.....	214.735	355.201
Samtals	<u>2.207.849</u>	<u>2.602.989</u>

28. Hampiðjan hf. ábyrgist greiðslu veðskuldabréfa er fengust við sölu fasteignanna Stakkholts 2 - 4 og Stakkholts 3, sem seld voru árið 1994. Uppreiknaðar eftirstöðvar þeirra með áföllnum vöxtum í lok tímabilsins eru kr. 117 milljónir. Síðasti gjalddagi bréfanna er í maí 2007. Skuldabréfin eru tryggð með 1. til 3. veðrétti fasteignanna. Skuldabréfin eru verðtryggð með lánskjaravísitölu og bera 5% fasta vexti.

29. Móðurfélagið hefur ábyrgst greiðslu langtímaláns og skammtímalána dótturfélagsins Cosmos Trawl sem það tók hjá Jyske Bank á Jótlandi. Upphæð lánanna er kr. 137 milljón í lok tímabilsins. Einnig ábyrgist móðurfélagið greiðslu langtímalána dótturfélagsins Hampiðjan Baltic að upphæð kr. 177 milljónir í lok tímabilsins.

### Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

30. Félagið mun í samræmi við reglur um birtingu ársreikninga skráðra félaga í Kauphöll Íslands breyta reikningsskilum sínum til samræmis við alþjóðlegar reglur um gerð samstæðureikningsskila f og með árinu 2005. Félagið hefur hafið undirbúning að þessum breytingum en ekki liggur fy hve mikil áhrif þær geta haft á bókfært eigið fé félagsins